

# Lög Nemendafélags Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

## 1. Almenn ákvæði

- 1.1. Félagið heitir Nemendafélag Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, skammstafað NFNV.
- 1.2. Aðsetur félagsins er í bóknámshúsi FNV á Sauðárkróki.
- 1.3. Varnarþing félagsins er á Sauðárkróki.
- 1.4. Þeir nemendur FNV sem greiða félagsgjald til NFNV eru þar með félagar í félaginu. Félagsgjöld eru ákveðin á aðalfundi NFNV ár hvert.
- 1.5. Félagsgjöld eru innheimt með skólagjöldum og renna í nemendasjóð NFNV.
- 1.6. Markmið félagsins eru:
  - 1.6.1. Að halda uppi sem fjölbreyttastri félagsstarfsemi fyrir meðlimi þess.
  - 1.6.2. Að gæta hagsmuna félaga sinna, mannréttinda, heilbrigðis og velfarnaðar.

## 2. Aðalfundur

- 2.1. Aðalfundir félagsins eru æðsta vald þess.
- 2.2. Haldinn skal einn aðalfundur á hverju skólaári, í apríl eða maí.
- 2.3. Forseti félagsins setur aðalfund og skipar fundarstjóra og fundarritara.
- 2.4. Á aðalfundi skal kjósa sjö menn í stjórn félagsins.
- 2.5. Stjórn boðar til aðalfundar og á honum skulu gilda almenn fundarsköp.
- 2.6. Auglýsa skal aðalfund með minnst tveggja vikna fyrirvara á veggjum skólahúsnæðis, þar skal og birta lög félagsins sem eiga einnig að vera aðgengileg á skrifstofu NFNV og á heimasíðu skólans.
- 2.7. Rétt til setu á aðalfundi félagsins eiga eingöngu meðlimir þess og hafa þeir þar málfrelsi og atkvæðisrétt.
- 2.8. Til aukaaðalfundar skal boða á sama hátt og til venjulegs aðalfundar, nema lög NFNV kveði á um annað.
- 2.9. Á aðalfundi skulu nemendafélagsgjöld samþykkt fyrir næsta skólaár.

### 3. Stjórn félagsins

- 3.1. Stjórn félagsins fer með æðsta vald þess milli aðalfunda og sér um daglegan rekstur.
- 3.2. Í stjórn félagsins eiga sæti sjö aðalmenn: Forseti, varaforseti/ritari, gjaldkeri, skemmtanastjóri, íþróttafulltrúi, ritstjóri og tæknistjóri.
- 3.3. Sami maður má eigi gegna fleiri embættum en einu innan stjórnar NFNV.
- 3.4. Stjórn félagsins skal halda fundi minnst vikulega.
- 3.5. Stjórn félagsins skal kynna möguleika á stofnun félaga og klúbba með auglýsingum.
- 3.6. Stjórn félagsins skal sjá um að kynna vandlega þá félagsstarfsemi sem fram fer í skólanum hverju sinni.
- 3.7. Ný stjórn félagsins sem kosin er á aðalfundi skal starfa með fráfarandi stjórn NFNV til skólaársloka og kynnast með því störfum stjórnar. Ný stjórn tekur formlega við 1. júní ár hvert.
- 3.8. Fráfarandi stjórn skal skila öllu af sér fyrir 1. júní ár hvert, s.s. lyklum, bókhaldi, skrifstofu o.fl..
- 3.9. Stjórn félagsins skal hafa það að meginmarkmiði sínu að gera öllum félagsmönnum jafn hátt undir höfði óháð eigin áhugamálum og/eða hagsmunum og stuðla þannig að fjölskrúðugu félagslífi innan skólans.
- 3.10. Forseti NFNV
  - 3.10.1. Forseti félagsins er æðsti maður stjórnar og sér hann um að kalla stjórn saman til funda og stýra þeim.
  - 3.10.2. Forseti félagsins skal koma fram sem fulltrúi NFNV jafnt utan skólans sem innan.
  - 3.10.3. Forseti félagsins er aðaltalsmaður NFNV fyrir skólann út á við.
  - 3.10.4. Forseti félagsins situr í skólaráði og er í skólanefnd fyrir hönd nemenda.
  - 3.10.5. Forseti skal hafa aðgang að bankareikningi nemendafélagsins.
  - 3.10.6. Forseta ber að sjá til þess að nemendaráð gegni skyldum sínum í hvívetna.
  - 3.10.7. Í upphafi hvers skólaárs skal nýkjörin stjórn fara yfir lög NFNV og hver stjórnarmaður kynna sér embættisskyldur sínar.
  - 3.10.8. Forseti skal í upphafi hvers skólaárs í samráði við stjórn NFNV skipa einn fulltrúa nýnema sem tengilið við stjórnina.
  - 3.10.9. Ef engir nemendur úr verknámi eða dreifnámi hljóta kosningu í embætti innan stjórnar NFNV skal stjórnin skipa einn fulltrúa úr hvorum hópi sem tengilið við stjórnina. Skulu þessir aðilar hafa rétt til setu á stjórnarfundum og hafa þar tillögurétt.

### 3.11. Varaforseti/ritari NFNV

- 3.11.1. Varaforseti/ritari félagsins er staðgengill forseta í fjarveru hans.
- 3.11.2. Varaforseti/ritari félagsins skal rita fundargerðir á stjórnarfundum NFNV og annast bréfaskriftir og tilkynningar fyrir hönd stjórnar. Einnig sér ritari um öll almenn skjöl og skjalavörslu.
- 3.11.3. Varaforseti/ritari er skrifstofustjóri og ber ábyrgð á skrifstofu NFNV.
- 3.11.4. Varaforseti/ritari félagsins situr skólastjórnarfundum ásamt forseta, enda er hann staðgengill hans og þarf því að vera málum kunnugur.
- 3.11.5. Varaforseti/ritari er skylt að gefa út nemendafélagsskírteini, með nafni, kennitölu og notandakennum allra í nemendafélaginu. Hann skal afla fríðinda og afláttarkjara fyrir félagi í NFNV sem skulu koma fram á nemendafélagsskírteininum.
- 3.11.6. Varaforseti/ritari sér um uppfærslu laga eftir aðalfundi og sér um að koma þeim til næstu stjórnar sem og til ritstjóra heimasíðu skólans.
- 3.11.7. Varaforseti/ritari sér um að koma upplýsingum um starfsemi nemendafélagsins til nemenda.

### 3.12. Gjaldkeri NFNV

- 3.12.1. Gjaldkeri félagsins hefur yfirumsjón með öllum fjármálum NFNV, í samráði við forseta.
- 3.12.2. Gjaldkeri félagsins skal vera orðinn fjárráða þegar hann er kjörinn. Hann skal færa bókhald fyrir hönd NFNV og leggja fram bráðabirgðauppgjör fyrir félagið á aðalfundi þess ár hvert.
- 3.12.3. Gjaldkera er skylt að hafa bókhald aðgengilegt og opið.
- 3.12.4. Færa skal bókhald inn á tölvutæku formi í samráði við fjárhaldsmann skólans.
- 3.12.5. Gjaldkeri skal hafa aðgang að bankareikningum nemendafélagsins.
- 3.12.6. Hægt er að veita gjaldkera undanþágu til að fá að taka við embætti gjaldkera ef hann verður fjárráða á árinu sem hann er kosinn. Undanþágan skal veitt á aðalfundi félagsins.
- 3.12.7. Æskilegt er að gjaldkeri hafi þekkingu á færslu á bókhaldi og hafi lokið áföngum þar að lútandi.

### 3.13. Íþróttafulltrúi NFNV

- 3.13.1. Formaður íþróttaráðs er tengiliður NFNV við aðra skóla í öllu sem varðar íþróttir.
- 3.13.2. Formanni íþróttaráðs er skylt í samstarfi við aðra í stjórninni að halda uppi öflugum íþróttalífi í skólanum við hæfi sem flestra nemenda skólans.
- 3.13.3. Formaður íþróttaráðs skal sjá um og skipuleggja íþróttaviðburði innan skólans í samráði við aðra stjórnarmeðlimi.

### 3.14. Skemmtanastjóri NFNV

- 3.14.1. Skemmtanastjóri skal bera ábyrgð á öllu skemmtanahaldi og sjá um skipulagningu þess í samvinnu og samráði við aðra stjórnarmeðlimi.
- 3.14.2. Skemmtanastjóra er skylt að standa fyrir árlegum viðburðum í skemmtanahaldi skólans, eins og t.d. uppsetningu leikrits, menningarkvöldi, opnum dögum, árshátíð, undankeppni Söngkeppni framhaldsskólanna sem og fyrir smærri viðburðum.

### 3.15. Ritstjóri NFNV

- 3.15.1. Ritstjóri er æðsti maður ritstjórnar og sér um kalla hana saman á fundi.
- 3.15.2. Ritstjóra er skylt að gefa út eitt veglegt skólablað á skólaárinu og er miðað við að blaðið komi út fyrir kennslulok að vori.

### 3.16. Tæknistjóri NFNV

- 3.16.1. Tæknistjóri NFNV hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á þeim tækjabúnaði sem tilheyrir NFNV. Hann gerir lista fyrir þau tæki sem til eru og lætur hann berast til næstu stjórnar. Listinn skal vera öllum í nemendafélaginu aðgengilegur.
- 3.16.2. Tæknistjóri hefur einn umsjón með útleigu á tækjabúnaði félagsins. Hann skal sjá um gerð leigusamninga og sjá um að þeir séu uppfylltir.

## 4. Kosningar

- 4.1. Kosningar í embætti innan nemendafélagsins eru ekki lögmetar nema minnst 30% kjörsókn náist og á það einnig við um kosningu í kjölfar vantrauststillögu.
- 4.2. Kjörgengi og atkvæðisrétt hafa allir félagsmenn, þ.e.a.s þeir sem hafa greitt félagsgjald til NFNV á þeirri önn sem kosningarnar fara fram.
- 4.3. Kosningar félagsins eru óhlutbundnar og fara þannig fram að kjósandi setur kross við einn eða engan frambjóðanda til hvers embættis. Ef krossað er við fleiri en kjósa skal, telst seðillinn ógildur.
- 4.4. Áður en gengið er til kosninga á aðalfundi skal kjörstjórn skýra frá reglum í sambandi við kjörseðla.
- 4.5. Á kjörseðlum skulu standa nöfn frambjóðenda til hvers embættis, greinilega afmörkuð frá öðrum framboðum.
- 4.6. Kjósendur skulu brjóta saman kjörseðla sína að lokinni atkvæðagreiðslu og stinga þeim í þar til gerðan kjörkassa.
- 4.7. Framboðum skal skilað til kjörstjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Framboðum sem skilað er inn síðar eru ólögleg.

- 4.8. Sami maður má aðeins bjóða sig fram til eins embættis innan stjórnar NFNV.
- 4.9. Til að ná kjöri í embætti innan NFNV þarf einfaldan meirihluta atkvæða, þ.e. sá sem fær flest atkvæði í embætti telst rétt kjörin í það. Þau atkvæði sem standa eftir þegar ógildir seðlar hafa verið dregnir frá skulu talin.
- 4.10. Ef aðeins einn er í framboði til embættis innan NFNV telst sá hinn sami sjálfkjörinn. Aldrei er þó sjálfkjörið í embætti forseta og verður hann að ná minnst 50% greiddra atkvæða. Ef frambjóðandi nær því eigi, verður að boða til nýrra forsetakosninga. Kjörstjórn verður þá að leita eftir framboðum að nýju. Kosið skal aftur innan tveggja vikna.
- 4.11. Allar kosningar innan NFNV skulu vera leynilegar, nema á lagabreytingarfundum og þegar kosið (skyldi) er um félagsgjöld.
- 4.12. Segi einhver stjórnarmaður í stjórn NFNV af sér embætti eða þurfi hann af hætta af öðrum ástæðum áður en kjörtímabili hans lýkur skal stjórn NFNV auglýsa efir framboðum í umrætt embætti. Framboðsfrestur skal vera 7 dagar. Stjórn NFNV kys á milli frambjóðenda í leynilegri kosningu sem forseti NFNV eða staðgengill hans skal stýra.
- 4.13. Kjörstjórn getur ákveðið að kosningar til stjórnar NFNV skuli vera rafrænar. Kjörstjórn ákveður nánar um útfærslu og framkvæmd hinnar rafrænu kosningar eins og t.d. hvenær kosning hefst og hvenær henni lýkur. Ef ákveðið er að halda rafrænar kosningar eiga einhverjar greinar kosningakafans hér að framan ekki við.

## 5. Vantraust

- 5.1. 15% félagsmanna geta lagt fram skriflega vantraustsyfirlýsingu á embættismann innan NFNV. Skal yfirlýsingunni komið til kjörstjórnar og ber henni að boða til auka- aðalfundar innan fimm skóladaga um málið.
- 5.2. Um aukaaðalfundi sem fjalla um vantrauststillögur gildir eftirfarandi:
  - 5.2.1. Forseti setur fundinn og stýrir honum ef enginn er því mótfallinn.
  - 5.2.2. Forsvarsmenn tillögunnar gera ítarlega grein fyrir henni.
  - 5.2.3. Sá eða þeir sem tillagan á við hafa rétt til þess að verja mál sitt.
  - 5.2.4. Vantrauststillaga er borin undir atkvæði.
- 5.3. Ef vantrauststillaga nær fram að ganga með einföldum meirihluta atkvæða skal kjörstjórn auglýsa eftir framboðum í umrætt eða

umrædd embætti. Framboðsfrestur skal vera þrjú dagar frá og með þeim degi sem aukaaðalfundur er haldinn. Kosningar í umrætt eða umrædd embætti skulu síðan fara fram innan viku frá auka aðalfundi.

- 5.4. Vantrauststillagan fellur á jöfnum atkvæðum.
- 5.5. Ef vantraustsyfirlýsing kemur fram á kjörstjórn eða mann innan hennar skal koma henni til forseta sem er þá skylt að boða til aukaaðalfundar.

## 6. Ritstjórn NFNV

- 6.1. Ritstjóri í samráði við stjórn NFNV tilnefnir þrjú meðlimi NFNV í ritnefnd og skal það gert í upphafi hvers skólaárs. Þessir aðilar mynda síðan ritstjórn undir forystu ritstjóra.
- 6.1. Störf ritstjórnar eru m.a. eftirfarandi:
  - 6.1.1. Ritstjórn er skylt að gefa út eitt veglegt skólablað undir heitinu Molduxi á hverju skólaári og er miðað við að blaðið komi út fyrir kennslulok að vori.
  - 6.1.2. Ritstjóri er ábyrgðarmaður Molduxa.
- 6.3. Ritstjórn skal leggja áherslu á að allt efni sem gefið er út og birt á vegum NFNV sé á vandaðri og góðri íslensku.

## 7. Kjörstjórn

- 7.1. Kjörstjórn er skipuð oddvita og tveimur meðstjórnendum og skal stjórn NFNV skipa í hana tveimur vikum fyrir aðalfund. Kjörgengi hafa nemendur sem munu brautskrást frá skólanum á líðandi skólaári og eru félagar í NFNV.
- 7.1. Oddvita kjörstjórnar kjósa kjörstjórnarmenn sjálfir.

## 8. Fjárhaldsmaður FNV

- 8.1. Fjárhaldsmaður FNV má fara yfir reikninga NFNV a.m.k. einu sinni á önn.

## 9. Lagabreytinganefnd

- 9.1. Stjórn NFNV tilnefnir þrjú meðlimi NFNV í lagabreytinganefnd tímanlega fyrir aðalfund.
- 9.2. Lagabreytinganefnd skal endurskoða lög NFNV fyrir aðalfundi og koma með breytingatillögur ef að hún telur þörf krefja.
- 9.3. Lagabreytinganefnd flytur breytingatillögur sínar á aðalfundum og gerir grein fyrir þeim en fundarstjóri ber þær undir atkvæði.

## 10. Félög og klúbbar

- 10.1. Félög og klúbbar innan FNV skulu ávallt fara eftir lögum NFNV.
- 10.2. Félög og klúbbar sem heyra beint undir NFNV skulu fela gjaldkera NFNV yfirumsjón með fjármálum sínum nema um annað sé samið.
- 10.3. Þeim sem starfa innan félaga og klúbba NFNV er óheimilt að hafa af því fjárhagslegan ávinning.

## 11. Gildistaka og vafaatriði

- 11.1. Komi upp ágreiningur um túlkun laga NFNV skal lagabreytingarnefnd skera úr um vafaatriði.
- 11.2. Lög þessi öðlast nú þegar gildi og öll fyrri lög NFNV ógildast.

## 12. Fjármál

- 12.1. Ef embættismaður NFNV notar fjármuni nemendafélagsins í eigin þágu eða gerir fjárhagslegar skuldbindingar án þess að hafa samþykki gjaldkera verður farið með málið sem þjófnað.
- 12.2. Embættismenn félagsins fá ekki greitt í peningum fyrir störf sem eru í þágu nemendafélagsins.
- 12.3. Stjórn NFNV skipar 2 félaga NFNV til að endurskoða bókhald og reikninga NFNV. Endurskoðun lokið eigi síðar en í upphafi hvers skólaárs og skal endurskoðuðum reikningum skilað til nýkjörinnar stjórnar NFNV og til fjárhaldsmanns FNV.
- 12.4. Rekstrarár NFNV er ávallt frá 1. júní til 31. maí.

Síðustu breytingar á lögum þessum voru gerðar á aðalfundi NFNV þann 20. apríl 2021